



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. ágúst 2019
Tilvísun: 2019080275/50.12

Efni: Viðaukar laga nr. 7/1998, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Vísað er til gagna á samráðsgátt vegna áforma um lagasetningu varðandi mögulegar breytingar á viðaukum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur kynnt sér gögn málsins og gerir eftirfarandi umsögn.


HER er sammála því úrlausnarefni sem boðað er að auka á skýrleika, meta hvort einhverja tiltekna starfsemi vanti í viðaukana og hvort einhverja starfsemi má fella brott. HER telur nauðsynlegt að breyta viðauka III á þann hátt sem lagt er til þ.e. að hann varði ekki upptalningu á starfsemi sem þarf starfsleyfi heldur sé listi yfir efnisákvæði sem varða ákveðin rekstarform sem boðuð eru í öðrum viðaukum laganna. Hins vegar þarf að vera alveg skýrt að þau efnisatriði varði fyrirtæki sem eru undir eftirliti viðkomandi eftirlitsaðila og að tekið sé fram að það varði hvort sem er starfsleyfis skylda starfsemi sem og mögulega skráningarskylda í framtíðinni. Því þarf að yfirfara löggjöfina m.t.t. þess og breyta greinum sem tiltaka hvaða eftirlitsstofnun er með fyrirtækið undir eftirliti. Það sem átt er við að umorða t.d. þar sem talað er um starfsleyfisútgefanda komi í staðinn þar sem við á "opinber eftirlitsaðili". Rétt er að taka fram að viðauki III sem í núgildandi löggjöf er Umhverfisstofnunar (UST) en varðar í raun nánast án undantekningar fyrirtæki Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga (HES). Því væri önnur leið líka fær að breyta viðeigandi greinum í lögnum þannig að viðauki III væri HES að framfylgja með þeim undantekningum þar sem UST mögulega færi með eftirlitið. Lagt er til að 1. mgr. gr. 7. í lögnum breytist þannig að að UST gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sbr. viðauka I-II, og viðauki III innihaldi efnisatriði sem varða eftirlitsskylda starfsemi eftir því sem við á sbr. viðauka I-II og IV-V.

Varðandi breytingar á viðaukum í þá átt að fella eitthvað út telur HER ekkert vera sem þar er ofaukið á þessu stigi. Hins vegar þarf að vera alveg skýrt að þar sem orðalagið "og önnur sambærileg starfsemi" gildi á þann hátt að viðkomandi starfsemi sem um væri að ræða væri annað hvort starfsleyfis-/eða skráningarskyld og þá um leið eftirlitsskyld.

Að lokum vill HER benda á að tækifærið væri notað og viðaukar laga nr. 7/1998, reglugerðar nr. 550/2018 og boðaðrar reglugerðar um skráningarskylda starfsemi séu samlesnir og samræmdir eftir því sem við á.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
frankvæmdastjóri



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	UMH19060011 – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (viðaukar)
Ráðuneyti	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	9. júlí 2019

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
Markmið með lagasetningunni er að laga misræmi til þess að skýra verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Frumvarpið hefur óveruleg áhrif á fjárhag stofnunarinnar.
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum
Liggur ekki fyrir.
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Varanleg.
 - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun
Á ekki við.
 - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu
Á ekki við.
2. **Tekjubreytingar**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
3. **Útgjaldabreytingar**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
4. **Eignabreytingar**

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**
 - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
Í samræmi.
 - b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
Í samræmi.
 - c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
Á ekki við.

- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
Ríkisaðili í A-hluta
- f) Opinber innkaup og útboð
Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins
Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins.
Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**
 - a) í gildandi fjárlögum
Á ekki við.
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Á ekki við.
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Á ekki við.
2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**
Gert er ráð fyrir að lagasetningin hafi óveruleg áhrif á Umhverfisstofnun.
3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**
Á ekki við.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**
Á ekki við.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnáslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**
Lagasetningin hefur áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði. Tilgangur lagasetningarinnar er að auka á skýrleika við útgáfu starfsleyfa. Jafnframt er tilgangur lagasetningarinnar að endurskoða viðauka laganna með einföldun þeirra að leiðarljósi og hvort einhver starfsemi megi falla brott af þeim.
3. **Samkeppnisskilyrði**
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
Á ekki við.
 - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)

Á ekki við.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd

Á ekki við.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
Mat á fjárhagsáhrifum á sveitarfélög verður gert áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög**
Á ekki við.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**
Á ekki við.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
Á ekki við.
7. **Áhrif á lýðheilsu**
Á ekki við.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**
Á ekki við.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**
Á ekki við.
10. **Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**
Frumvarpið hefur óveruleg áhrif á starfsemi Umhverfisstofnunar.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**
Á ekki við.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**
Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**
Frumvarpið hefur óveruleg áhrif á ríkissjóð.
2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á**

Á ekki við.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

**Drög
REGLUGERÐ**
um skráningarskyldan atvinnurekstur.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðum umhverfi. Jafnframt er markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Gerði athugasemd [ÁS1]: Hvernig stýður skráningarskyldan við markmiðið? Gera þarf grein fyrir ávinningi auk kostnaðargreiningar Greinargerð vantar með drögunum

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skráningarskyldan atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka við reglugerð þessa.

Gerði athugasemd [ÁS2]: Viðaukar og þau fyrirtæki sem þar eru talin upp koma á óvart ef tekið er mið af vinnu/hugmyndir umhverfisgæðahóps. Viðaukinn er síðan að mestu kópía af reglugerð um Auglýsingu nr. 582/2000 en númerin færð til

3. gr.

Skráningarskylda.

Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar, sbr. viðauka, skal áður en starfsemi hefst skrá starfsemina hjá Umhverfisstofnun.

Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og Umhverfisstofnun hefur sent rekstraraðila staðfestingu skv. 7. gr.

Umhverfisstofnun staðfestir skráningu rekstraraðila þegar hann hefur skráð fullnægjandi upplýsingar og staðfest yfirlýsingu um að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf.

Gerði athugasemd [FRM3]: Fær Umhverfisstofnun skráningargjald – væntalega þarf einnig að skrá fyrirtækið hjá viðkomandi heilbrigðisefirliti er ekki gert ráð fyrir að þar sé einnig skráningargjald eða á Ust að innheimta gjald og greiða hluta af því til hes? Eðlilegt að setja kröfur um úttekta heilbrigðisefirlits áður en starfsemi hefst til að trggt sé að aðstaða sem ætlað er að vernda heilsu almennings og fyrirbyggja mengun sé til staðar

4. gr.

Upplýsingar um starfsemi, yfirlýsing rekstraraðila og staðfesting á skráningu.

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um rekstraraðila, lýsingu á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, staðsetningu starfseminnar, fastanúmer fasteignar þar sem starfsemi fer fram og eiganda hennar ásamt öðrum upplýsingum eða gögnum sem Umhverfisstofnun telur nauðsynleg.

Rekstraraðili skal við skráningu lýsa því yfir að hann uppfylli þær almennu kröfur sem gilda um atvinnureksturinn og að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar.

Þegar fullnægjandi upplýsingar og yfirlýsing rekstraraðila liggja fyrir staðfestir Umhverfisstofnun skráninguna og tilkynnir rekstraraðila, eiganda fasteignar og viðkomandi heilbrigðisnefnd um skráningu atvinnurekstrar. Umhverfisstofnun sendir jafnframt upplýsingar um starfsemina til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Gerði athugasemd [FRM4]: Þarf að setja inn að fyrir liggja staðfesting byggingarfulltrúa á að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis og þar með í samræmi við skipulag.

5. gr.

Almenn starfsskilyrði.

Umhverfisstofnun gefur út almennar kröfur sem gilda um skráningarskyldan atvinnurekstur, sbr. viðauka, þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til hlutaðeigandi atvinnurekstrar.

Umhverfisstofnun skal hafa almenn starfsskilyrði aðgengileg á vefsvæði sínu.

Gerði athugasemd [FRM5]: Sem hlýtur einnig að þurfa að skrá starfsemina í sinn gagnagrunn – hvað með gjald fyrir þá vinnu?

6. gr.

Ábyrgð rekstraraðila.

Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf og að skráðar upplýsingar um starfsemi hans séu réttar.

7. gr.

Skráning.

Umhverfisstofnun sendir rekstraraðila rafræna staðfestingu um að starfsemi hans sé skráð.

Gerði athugasemd [ÁS6]: Hér vantar inn að ekki megi hefja starfsemi fyrir en Hes er búið að skrá hjá sér/móttaka tilkynningu frá ust Þetta varðar skipulag o.fl. Ef í ljós koma brot á skráningu t.d. logið til um eitthvað og það kemur í ljóst við efirlit hes – hver á að vinna úr því? Á að viðskipavinum fyrirtækjanna að vera ljóst að fyrirtækið er skráð og í lagi?

8. gr.

Breytingar á starfsemi.

Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara hjá Umhverfisstofnun

9. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri. Eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og eftir því sem við á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti.

10. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir skráningu og breytingar á skráningu samkvæmt reglugerð þessar. Gjaldtaka með reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og eftir því sem við á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti.

11. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Um málsmeðferð og úrskurði, valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Afturköllun skráningar

Rekstraraðili getur afskráð starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun. Heilbrigðisnefnd skal framkvæma lokaeftirlit við afskráningu.

13. gr.

Lagastöð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku reglugerðar þessarar ber hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd að veita Umhverfisstofnun upplýsingar um þá starfsemi sem hefur gild starfsleyfi og fellur undir reglugerðina á sniðmáti sem Umhverfisstofnun ákveður sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Umhverfisstofnun færir þær upplýsingar inn í miðlæga skrá sína eins fljótt og verða má. Aður en þessi starfsleyfi renna út ber rekstraraðila að skrá starfsemi sína samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Gerði athugasemd [FRM7]: Hvað telst vera hæfilegur fyrirvari 2 dagar 2 vikur, mánuður? Þarf að setja inn einhvern lágmarkstíma

Gerði athugasemd [FRM8]: Hér þarf að vera ítarlegra um að skráningarskyld starfsemi sé háð eftirliti eins og um starfsleyfis skylda starfsemi sé að ræða.

Gerði athugasemd [FRM9]: Væri þetta að setja inn ákvæði um gjaldtöku eða dugar að vitna í lögum þar sem fram kemur að heimilt sé að taka gjald fyrir eftirlit

Gerði athugasemd [ÁS10]: vantar og skráningaskyldan rekstur í gr. 46.3 í 7/98
Er nóg að hafa slíka heimild í gjaldskrá (spyrja Glóeyju)

Gerði athugasemd [ÁS11]: á Ust að láta Hes vita?

Gerði athugasemd [ÁS12]: hvað felur slíkt eftirlit í sér? hvernig á að gjaldfæra slíkt eftirlit, hversu langt á að ganga að rannsaka að fyrirtækið sé hætt í raun eða finna horfinn rekstraraðila